

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Erlingsdóttur um kennslu og stuðning framhaldsskóla við nemendur með sérþarfir.

1. *Er upplýsingum um kennslu og stuðning framhaldsskóla við nemendur með sérþarfir safnað saman á skipulegan hátt? Ef svo er, hver annast upplýsingasöfnunina?*

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 235/2012, um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólalæsi, aðra kerfisbundna skráningu og meðferð persónuupplýsinga um nemendur, er framhaldsskólum skylt að varðveita upplýsingar um nám nemenda og veita mennta- og menningarmálaráðuneyti upplýsingar tvisvar á ári, en skv. 3. gr. er um að ræða upplýsingar m.a. um námsferil og árangur nemenda. Skv. 5. gr. sömu reglugerðar ber skólameistari ábyrgð á meðferð og vörslu upplýsinga og að skólinn uppfylli lagalegar kröfur sem gerðar eru til ábyrgðaraðila samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og laga um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985. Námsferlar nemenda í framhaldsskólum eru skráðir í námsferilskerfi. Af hálfu ráðuneytisins er ekki farið fram á samræmda skráningu á nemendum með sérþarfir og því hefur ráðuneytið ekki upplýsingar um hvort hægt er að kalla fram upplýsingar um þessa nemendur sem hóp. Nemendur í framhaldsskólum njóta ýmiss konar kennslu og stuðnings sem einstaklingar þótt þeir sæki mögulega stuðningstíma eða sitji í áföngum sem ætlaðir eru nemendum sem þarfnast lengri tíma til að ljúka námi en aðrir.

2. *Hvernig haga framhaldsskólarnir kennslu og stuðningi við nemendur með sérþarfir, t.d. nemendur með sértækar málþroskaraskanir, athyglisbrest (ADD), athyglisbrest með ofvirkni (ADHD) og lesblindu (dyslexíu)?*

Flestir framhaldsskólar bjóða upp á svokallaðar hægferðir í námi sem nýtast nemendum með sérþarfir almennt vel. Í reglugerð um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum, nr. 230/2012, segir í 5. gr. að nemendur í framhaldsskólum eigi rétt á að veitt sé skimun og greining á leshömlun ásamt eftirfylgni og stuðningi í námi eftir því sem þörf krefur. Almennt bjóða framhaldsskólar nemendum með sértæka námserfiðleika stuðning í formi lengri próftíma, notkun litaðra prófblaða, að texti prófa sé lesinn fyrir nemendur og jafnvel að nemendur taki próf einir í prófstofu eða taki munnleg próf. Allir framhaldsskólar bjóða upp á náms- og starfsráðgjöf og algengt er að náms- og starfsráðgjafar styðji nemendur með sérþarfir, bæði hvern einstakling og í hópum. Mennta- og menningarmálaráðuneyti gerir skólasamninga við framhaldsskóla sem endurskoðaðir eru reglulega. Í markmiðakafla slíkra samninga er framhaldsskólum gert að tilgreina þau markmið sem skólarnir setja sér um stuðning við nemendur með sérþarfir. Þjónustusamningarnir eru opinber gögn sem eru aðgengileg á heimasíðum framhaldsskóla og ráðuneytis. Reglulega framkvæmir ráðuneytið úttektir á framhaldsskólum þar sem finna má upplýsingar um kennslu og stuðningsþjónustu skóla. Þær úttektir eru opinberar og aðgengilegar á heimasíðu ráðuneytisins.

3. *Hvernig leggja framhaldsskólarnir mat á sérþarfir nemenda sem ekki hafa verið metnir af viðurkenndum greiningaraðilum áður en þeir innritast í framhaldsskóla?*

Samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 230/2012, um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum, skulu framhaldsskólar vinna árlega áætlun um stuðning í námi og kennslu í samræmi við metnar sérþarfir nemenda. Liggi greining eða upplýsingar frá þar til bærum aðilum ekki fyrir, er það framhaldsskólans að leita leiða með nemanda og/eða forráðamönnum hans um að fá greiningu eða viðeigandi upplýsingar svo veita megi nemandanum þjónustu við hæfi.